

- Verðbólgan í ágúst: 0,15% verðhjöðnun

Verðbólgan í ágúst: 0,15% verðhjöðnun


Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,15% í ágúst frá fyrra mánuði. Ársverðbólgan heldur áfram að lækka og fer úr 4,6% niður í 4,1%. Spár greiningaraðila gerðu ráð fyrir hækkunum á bilinu 0,3% til 0,5%, en við spáðum 0,5% hækkun að þessu sinni. Ekki er annað að sjá en að styrking krónunnar sé að skila sér með myndarlegum hætti inn í VNV ásamt því sem aukin verðsamkeppni t.d. á flugmarkaði og matvörumarkaði er að hafa áhrif, tímabundið í það minnsta.

Ljóst er að verðbólgutölurnar sem birtust í morgun eru ekki aðeins á skjön við spár greiningaraðila heldur virðist vera sem niðurstaðan sé talsvert undir verðbólguþá Seðlabankans sem birt var í síðustu viku ([PM 2012/3](#)). Til að hin nýbirta spá þeirra gangi eftir þá reiknast greiningardeild til að verðbólgan í september þurfi að mælast *1,9% milli mánaða*. Til samanburðar gerir bráðabirgðaspá okkar ráð fyrir 0,6% hækkun í næsta mánuði. Í ljósi þessa teljum við ólíklegt að vextir Seðlabankans hækki á næsta vaxtaákvörðunarfundi í október næstkomandi. Verðbólguþá Seðlabankans byggist á þeirri forsendu að gengi krónunnar haldist óbreytt út spátímabilið, forsenda sem heldur ekki lengur eftir rúmlega 3% veikingu síðustu viku eða svo. Með þessi atriði í huga teljum við líklegt að vextir hækki áður en árið er á enda, en hvort það verður í nóvember eða desember veltur á krónunni!

Þrátt fyrir að skammtímaspá okkar geri ekki ráð fyrir mikilli verðbólgu á næstu mánuðum þá teljum við að sú hætta sé fyrir hendi að 3% veiking krónunnar undanfarna viku eigi eftir að koma til baka af fullum þunga (og vel það), einkum ef við sjáum fram á að krónan veikist enn frekar á komandi vikum. Enn og aftur er það húsnæðisliðurinn sem við setjum næststærsta spurningarmerkið við horft til næstu mánaða. Telja má líklegt að sú lækkun sem hefur átt sér stað úti á landi muni halda eitthvað aftur af liðnum í heild sinni á næstu mánuðum. Þá er ekki ólíklegt að bætt lánskjör hafi áfram áhrif til lækkunar en okkur reiknast til að VNV sé a.m.k. 0,3% lægri vegna þessa það sem af er þessu ári. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur aftur á móti hækkað um 2,7% á síðustu þremur mánuðum og það ætti að vega á móti þeim lækkunaráhrifum sem nefnd eru hér að ofan. Þá teljum við líklegt að á einhverjum tímamarki færist verðstríð á matvöru og flugfargjöldum í sitt „eðlilega“ horf með tilheyrandi áhrifum á VNV.

Helstu áhrifaþættir verðbólgunnar í júlí

- áhrif til hækkunar/lækkunar á VNV




Heimild: Hagstofa Íslands

Helstu þættir í ágústmælingunni:

- **Útsöluáhrif ganga til baka.** Föt og skór hækkuðu í takti við það sem mátti búast við eftir útsölur. Áhrifin munu væntanlega verða svipuð í næsta mánuði þegar útsöluáhrifin ganga að fullu til baka. *Heildaráhrif til lækkunar VNV: +0,26%*
- **Eldsneytisverð hækkar.** Eftir myndarlega lækkun í júní og júlí hækkaði eldsneytisverð í ágúst. Sömuleiðis hefur liðurinn haldið áfram að hækka vegna mikilla hækkana á eldsneytisverði ytra. *Heildaráhrif í ágúst: +0,16%*
- **Flugfargjöld.** Vart hefur farið fram hjá nokkrum manni að mikil samkeppni ríkir um íslenska flugfarþega, þó ekki erlendis, heldur milli flugfélaga hér innanlands. Fluggjaldaliðurinn hefur t.a.m. lækkað u.þ.b. um 23% síðustu tvo mánuði, en liðurinn hefur lækkað VNV um 0,5%. Næsta víst er að slík verðsamkeppni getur ekki haldið áfram endalaust. *Heildaráhrif í ágúst: -0,21%.*
- **Mikil lækkun á mat og drykkjarvörum.** Þrátt fyrir hækkun á mat og drykk í júlí vegna hækkunar verðlagsnefndar búvara, þá hefur styrking krónunnar og aukin samkeppni á matvörumarkaði skilað sér til neytenda í ágúst. *Heildaráhrif matar og drykkjarvöru á VNV: -0,15%*
- **Bílar lækka.** Styrking krónunnar í sumar kemur bersýnilega fram í lækkandi verði á nýjum bílum. Heilt yfir þá lækkaði verð á bílum tæplega 2% ágúst. *Áhrif á VNV í ágúst: -0,11%*
- **Húsnæðisliðurinn lækkar.** Greiningardeild leynir því ekki að hún klórar sér stundum í hausnum yfir húsnæðislið VNV. Nú mældist hressileg lækkun á liðnum þrátt fyrir að markaðsverð húsnæðis (sem er um 80% af húsnæðisvísitölunni hjá Hagstofunni) hafi hækkað um 1,5% í júlí. Galdurinn virðist liggja í því að verð á fasteignum utan höfuðborgarsvæðisins lækkaði um 2,3% en jafnframt má reikna með því að bætt vaxtakjör hafi hér áhrif. *Áhrif markaðsverðs húsnæðis á VNV: -0,09%*

Þróun undirvísitalna húsnæðis í VNV - árið 2008=100



Heimild: Hagstofa Íslands

Bráðabirgðaspá - krónan veikist aftur


Ljóst er að krónan er á ferð og flugi þessa dagana og hlýtur það að rugla einhvern kaupmanninn í ríminu þegar verð eru ákveðin fyrir haustið. Þeir sem voru að lækka verð vegna styrkingar krónunnar í sumar horfa nú upp á gengið síga á ný og spurningin er e.t.v. sú hvort að þeir verða ekki fljótari til við að hækka verð en að lækka þau.

Eins og við komum inn á í síðustu bráðabirgðaspá þá töldum við m.v. fyrirliggjandi vísbendingar af fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu að búast mætti við að húsnæðisliður VNV myndi koma inn af meiri krafti á næstu mánuðum. M.v. þróun húsnæðisverðs úti á landi og áhrif vegna bættra lánskjara húsnæðislána, þá kann að vera að þeirri þróun verði slegið á frest, að okkar mati um stundarsakir þó.

Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan á svipuðu róli næstu mánuðina, eða á bilinu 4,1-4,5%.

- **September:** +0,6%, útsöluáhrif ganga til baka (+0,25). Veikara gengi skilar sér að einhverju leyti út í verðlag, eldsneytisverð hækkar. Húsnæðisliður óbreyttur.
- **Október:** +0,5, flugfargjöld hækka alla jafna mikið í mánuðinum. Húsnæðisliðurinn stendur í stað.
- **Nóvember:** +0,2%, flugfargjöld lækka en húsnæðisliðurinn hefur áhrif til hækkunar. Húsnæðisliðurinn hækkar lítillega.

Breyting á vísitölu neysluverðs



Spá greiningardeildar →

Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar Greiningardeildar Arion banka

Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	david.stefansson@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankabjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is